

Umsögn Afstöðu um fyrirhugaða grænbók (stöðumats- og valkostagreiningu) vegna heildstæðrar stefnumótunar fullnustumála

Dómsmálaráðuneytið hefur skipað verkefnastjórn til að leiða mótun heildstæðrar stefnumótunar fullnustumála sem unnin verði í víðtæku samráði. Stefnumótunarvinnan á að leiða til útgáfu grænbókar sem er stöðumats- og valkostagreining og í framhaldinu verður unnin stefna í formi hvítbókar þar sem settar verða fram tillögur að úrbótum í málaflokknum.

Um Afstöðu

Afstaða, félag fanga og annarra áhugamanna um bætt fangelsismál og betrun hefur frá stofnun félagsins árið 2005, í nær 20 ár, barist fyrir breytingum í fullnustu málum, betrun fanga með það úr markmiði að draga úr endurkomum í fangelsi, ítrekun brota og þar með fækkun brotþola sem mun jafnframt leiða til minni kostnaðar samfélagsins. Með árunum hefur verkefnum félagsins fjölgað gríðarlega. Sífellt meiri tími fer í að styðja við bakið á aðstandendum fanga og ekki síður þeim sem lokið hafa afplánun enda hefur sýnt sig að aðlögun að samfélaginu eftir fangelsisvist getur gengið afskaplega erfiðlega. Helsta markmið Afstöðu er að innleidd verði betrunarstefna á Íslandi. Í því felst m.a. fræðsla, stuðningur, ráðgjöf á jafningjagrundvelli og fækkun þeirra sem eru á framfærslu ríkis og sveitarfélaga. Öflugt starf Afstöðu, sem byggir m.a. á jafningjastuðningi og fræðslu, er einnig líklegt til að draga úr endurkomum í fangelsi og þar með glæpum í samfélaginu, eins og reynslan hefur sýnt á hinum Norðurlöndunum.

Á árinu 2023 sinnti Afstaða um 2.300 málum og voru 1.369 einstaklingar á bak við þau. Af þeim sóttu 661 þjónustu til félagsins og 708 fengu þjónustu í fangelsum landsins en félagið heldur úti öflugum vettvangsteymi sem heimsækir öll fangelsi landsins reglulega. Árið 2023 voru farnar 42 vettvangsferðir í fangelsin. Eðlilega hallar töluvert á annað kynið í þessum tölum en 95% af öllum sem vettvangsteymið heimsótti voru karlar og um 60% þegar kemur að heildarfjölda. Meira er að konur og börn komi á skrifstofu félagsins í Reykjavík. Svipaðar tölur hafa verið undanfarin 5 ár en þó hefur málafjöldinn ekki farið yfir 2500 á ári.

Vettvangsteymi Afstöðu samanstendur því nú af tveimur geðhjúkrunarfræðingum, tveimur hjúkrunarfræðingum, þremur félagsráðgjöfum, sálgaði, áfengis og vímuefnaráðgjafa, félagsliða og þroskaþjálfara, ásamt tíu sérhæfðum jafningjum sem veita stuðning og ráðgjöf út frá reynslu sinni. Það er því ljóst að vettvangsteymi Afstöðu er vel til þess fallið að veita stuðning og ráðgjöf

í krafti sérhæfðrar fagþekkingar sinnar og reynslu á þörfum fanga og ljóst að teymið hefur yfirgripsmikla reynslu og þekkingu á geðheilbrigðismálum í fangelsum landsins.

Afstaða hefur einnig starfrækt neyðarsíma, 556-1900, þar sem fangar, fyrrverandi fangar og aðstandendur hringja í þegar þau þurfa. Mjög algengt er að fólk hringi í angist, ringulreið og í sjálfsvígshugleiðingum. Þá erum við með símanúmer fyrir lögfræðiaðstoð sem veitir neyðarþjónustu í síma 666-1211.

Umfang verkefna félagsins hefur vaxið verulega og er ekkert annað félag með álíka sérþekkingu í málaflokknum á Íslandi. **Afstaða hefur einnig rekstrarleyfi frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála.**

Helstu hlutverk Afstöðu

- hagsmunafélag allra dómþola
- aðstoð við tilvonandi, núverandi og fyrrverandi dómþola
- aðstoð við aðstandendur fanga og sérstaklega börn þeirra
- atvinnumiðlun fyrir fanga í afplánun, í framgangi fullnustu og eftir að afplánun lýkur
- ráðgjöf fyrir ofbeldisfólk með samtalstækni á jafningjagrundvelli
- tengiliður við stjórnvöld - umsagnir við frumvörp til Alþingis
- tengiliður við fangelsismálayfirvöld og forstöðumenn einstakra fangelsa
- samskipti við tengiliði Afstöðu í einstökum fangelsum
- Vettvangsteymi jafningja og fagfólks sem heimsækir fangelsin reglulega
- fræða almenning og stjórnvöld um stöðu fangelsismála og betrunar hverju sinni
- eftirlit og aðhald með að mannréttindi og að almenn réttindi dómþola séu virt
- talsmenn út á við og fyrir fjölmiðla
- starfshópur um stefnu stjórnvalda í skaðaminnkun

- starfshópur í stefnu stjórnvalda í áfengis og vímuefnum
- fyrirhugaður starfshópur um heildarendurskoðun á lögum um fullnustu
- starfshópur um bætta stöðu fanga eftir afplánun
- óformlegur starfshópur ríkislögreglustjóra um EXIT prógram fyrir þá sem vilja hætta í glæpum, sem stofnaður var að beiðni og hugmyndum Afstöðu
- Ráðgjöf og fyrirlestrar fyrir borgaraþjónustu Utanríkisráðuneytisins vegna erlendra fanga og íslenskra í erlendum fangelsum.
- fulltrúi í Fagráði Rauða Krossins vegna verkefnisins Aðstoð eftir afplánun.
- vinnuhópar hjá Fangelsismálastofnun um deildarskiptingar í fangelsum, skaðaminnkun og sjálfböðavinnu í fangelsunum
- vinnufundir og samskipti við Velferðarsvið Reykjavíkurborgar og félagsráðgjafa sveitarfélagana ásamt því að fylgja félagsráðgjöfum að eiga samskipti við fanga sem þeir treysta sér ekki til að hitta einir.
- fræðsla og fyrirlestrar hjá ráðuneytum, framhaldsskólum, fangavarðaskólanum, lögregluskólanum HA, félagsráðgjöf HÍ, lögfræði HA og hjá hinum ýmsu stofnunum.
- virkt samráð og kynningar hjá erlendum fangelsisýfirvöldum og systursamtökum Afstöðu erlendis. Afstaða er í samstarfi við systursamtök í Finnlandi og unnið er að regnhlífarsamtökum slíkra samtaka frá öllum Norðurlöndunum undir forystu Noregs

Afstaða er í reynd síá dómpola við opinberra aðila og kemur þannig fram fyrir þeirra hönd í stað þess að hver og einn leyti til hins opinbera eftir öllu því sem Afstaða leysir öllu jöfnu. Þannig minnkar til muna sú vinna sem ellegar myndi lenda á hinu opinberra. Einn aðili í stað allra að óska eftir úrlausn sinna mála.

Núverandi staða

Endurkomutíðni í fangelsi er um 50% hjá þeim sem koma í annað skipti og 37% í þriðja skipti þannig að það er til mikils að vinna hafa þrír fyrrverandi dómsmálaráðherrar staðfest þessar tölur í ræðum sínum á Alþingi og hafa allir sagt að annar hver fangi kemur aftur í fangelsi. Alvarlegum glæpum fjölgar, fréttir af skotárásum og hnífstungum eru tíðar, og gengjamyndun er framtíðin.

Sennilega þiggur meirihluti þeirra sem afplánað hefur dóm í fangelsi félagslega aðstoð (bætur). Margir þeirra þiggja aðstoð til langs tíma og jafnvel það sem eftir er ævi þeirra. Markmið Afstöðu hefur alltaf verið að lækka þetta hlutfall og þar með spara ríki og sveitarfélögum stórar fjárhæðir. Álag og kostnaður myndi lækka við löggæslu, dómstóla, fangelsi, í tryggingakerfinu og heilbrigðiskerfinu. Það þýðir einnig færri brotáðilar sem hlýtur að vera markmiðið með þessu.

Fyrir hvern fanga sem hægt er að fá til að hætta glæpum sparast um 14 milljónir árlega í beinan kostnað eða um 7 milljónir hjá þeim sem hætta glæpum en eru áfram á framfærslu ríkis eða sveitarfélaga samkvæmt nýrri rannsókn sem unnin var af Oslo Economics í Noregi fyrir Rauða krossinn í Noregi (Nettverk etter soning) og fylgir umsögn þessari.

Ástandið í fangelsismálum á Íslandi er og hefur verið lengi óviðunandi og erum við mikill eftirbátur annarra Norðurlanda enda er hér litla sem enga endurhæfingu að finna. Engin eiginleg framtíðarsýn hefur verið mótuð í fullnustumálum hér á landi og skortur á markvissum rannsóknum í málaflokknum, sem er órjúfanlegur hluti af því að mæla hvort sú framtíðarsýn sem mörkuð er beri þann árangur sem að er stefnt. Þetta hefur leitt til 50% endurkomutíðni hér á landi.

Á hinum Norðurlöndunum er það yfirlýst stefna að allt eigi að gera til að endurhæfa fanga og skila þeim aftur út í samfélagið sem virkum þegnum, þá er unnið stöðugt að fræðslu til almenning og stjórnvalda um málaflokkinn til að fækka fordómum svo auðveldara sé að fá samfélagið til að samþykkja fyrrum dómpóla aftur í samfélagið. Hér á landi hafa bæði þessi grundvallaratriði brugðist. Þó hefur Afstaða verið algjörlega leiðandi í umræðunni um fangelsismál og betrunarstefnu síðast liðinn áratug. Það hefur leitt til viðhorfsbreytinga um málaflokkinn, fangelsisýfirvöld hafa þurft að kynna sér málið og stjórn mála fólk hefur leitað í okkar smíðju með hugmyndir. Erlend ríki hafa verið að sækjast eftir hugmyndum frá félaginu og Alþingi hefur notað tillögur félagsins í umsögnum sem gæðastimpil fyrir frumvörp sem síðar hafa orðið að lögum.

Í fangelsum á Íslandi er mikið atvinnu- og/eða iðjuleysi enda lélegt námsframboð, engin starfsþjálfun eða verknám í boði, lítið um meðferðarúrræði og þannig lítil sem engin endurhæfing enda ekki gerð nein meðferðar- og vistunaráætlun (betrunaráætlun). Enginn stuðningur er við foreldra sem vistaðir eru í fangelsum, nám fangavarda er ekki á háskólastigi, lítil þekking er á endurhæfingu fanga hjá Fangelsismálastofnun, undirmönnun er hjá starfsfólki fangelsa, lítil geðheilbrigðisþjónusta, lélegur húsakostur, ekkert hvatakerfi, opnu úrræðin í raun ekki opin úrræði. Vöntun á úrræðum (leyfum) til að styrkja fjölskyldubönd og þá sérstaklega barna fanga. Ekki eru allir jafnir og ekki jafn aðgangur að úrræðum vegna brotaflokka og kynja. Þar sem stefnumótun fullnustumála hefur í raun aldrei farið fram byggir lagaumhverfið og framkvæmdin oft á ómarkvissum grunni sem ekki er byggður á rannsóknum sem gerðar hafa verið á málaflokknum um hvers konar úrræði séu líkleg til að aðstoða fólk á beinu brautina - sem hlýtur að vera tilgangur dóma, og þar með fullnustu þeirra. Jafnframt virðast stofnanir ekki "tala

saman” og engin undirbúningur virðist fara fram sem undirbýr einstaklinga sem afplána dóma í fangelsi undir þátttöku í samfélaginu að nýju. Fólk með raskanir eða veikindi ættu aldrei að vistast í fangelsi og er vöntun á stofnun/úrræði sem er sérstaklega sniðið fyrir þann hóp. Þá vantar að lögbundið verði að félagsráðgjafar sveitarfélaganna sjái um sína skjólstæðinga í fangelsum landsins eins og gert er á Norðurlöndunum. Ráðuneyti sinna síðan ekki sínum lögbundnu hlutverkum og hafa brugðist algjörlega - og sennilega ekkert ráðuneyti eins mikið og menntamálaráðuneytið, en menntamál er einmitt mikilvægur angi betrunar. Það vantar bæði meðferðarstefnu og húsnæði sem sniðið er að slíkri starfsemi. Óhugsandi er að það skili tilætluðum árangri ef meðferðarstarf er rekið eins og “borð á bar”, eins og því hefur verið svo vel lýst. Sveitarfélögin hafa einnig brugðist sínu hlutverki og verið dugleg í að benda á að það sé ríkið sem beri ábyrgð á föngum en það er einmitt hluti af “gráu svæðunum” sem er ágreiningsmál á milli ríkis og sveitarfélaga.

Einhverjir hafa lagt til meira tómstundastarf í fangelsum landsins, sem Afstaða telur jákvætt. Hins vegar verður að hafa í huga að slík tómstundaiðja eins og t.d. hljóðfærakennsla, jóгатímar og hugleiðsla mun aldrei leysa af hina eiginlega endurhæfingu og vinnu með fanga í fangelsum landsins og hefur í raun ekkert að gera með þá vinnu sem er í gangi núna og stjórnvöld hljóta að stefna að. Öll virkni er jákvæð og lætur tímann líða en hefur ekkert með endurhæfingu fanga að gera. Í alltof mörg ár hafa stjórnvöld einmitt treyst á félagasamtök til að sinna tómstundum og til að geta boðið upp á viðburði sem láta tímann líða hraðar en nú er sá tími liðinn og ráðast þarf í gagnngerar breytingar með betrun að markmiði.

Nauðsynlegt að starfsfólk fái menntun í batamiðaðri nálgun, skaðaminnkun, þjónandi leiðsögn, hvernig á að valdefla og fræða um vímuefnaraskanir og geðfatlanir. Mikilvægt er að fangar verði ekki tækniheftir eða félagslega einangraðir og því þarf að styrkja þeirra fjölskyldusambönd með beinni notkun samfélagsmiðla sem þarf að vera hluti af hvatakerfi.

Þá skortir hér á landi frekari úrræði dómstóla til að leysa úr málum, sem í dag eru eingöngu í formi refsinga eða fésekta. Dómstóla á Íslandi skortir algjörlega úrræði þar sem hægt væri að leysa úr málum með uppbyggilegum hætti þar sem endurhæfing væri í boði, í stað refsingar. Þá kom fram í máli þingmanna við umræðu um frumvarp til bráðabirgða um samfélagsþjónustu og reynslulausn að þeir teldu að úrræði eins og samfélagsþjónusta væri á hendi dómstóla en ekki framkvæmdavaldsins, eins og það er í dag. Einnig ætti það að vera hlutverk dómstóla að útfæra framkvæmd dóma nánar enda veit dómari sem dæmir einstakling undir 21 árs aldri í tveggja ára fangelsi, eins og nýlegt dæmi er um, ekki hvernig framkvæmd dómsins verður enda hefur Fangelsismálastofnun heimild til að veita þeim sem eru undir 21 árs reynslulausn á 1/3 tíma afplánunar, eða síðar telji stofnunin brotið alvarlegt - nú eða veitt samfélagsþjónustu í samræmi við ákvæði til bráðabirgða, þar sem dómur er tvö ár eða minna. Réttaróvissa sem þessi, þar sem það er sett í hendur framkvæmdavalds að útfæra dóma, er réttarríkinu ekki til sóma.

Nauðsynlegt er að litið verði á “kerfið” í heild sinni allt frá því að lögregla eða aðrar stofnanir verða varar við andsamfélagslega hegðun, grípa fyrir inn í með úrræðum, fjölga úrræðum dómstóla til úrlausnar mála, vinna áætlanir með þeim sem afplána dóma (hvort sem það er afplánun í fangelsi eða öðrum úrræðum) svo hægt sé að byggja upp einstaklinginn til jákvæðrar þátttöku í samfélagi manna. Þetta köllum við betrunarstefnu.

Hvað er betrun?

Betrunarhugtakið byggir á því að allt sé gert til að bæta aðstæður þeirra einstaklinga sem hafa misst fótanna og gera þeim kleift að auka færni sína og lífsgæði og sporna við frekari brotastarfsemi og endurkomu í fangelsi. Með áfallamiðaðri meðferð, menntun eða vinnu og styrkingu tengsla við fjölskyldu fanga er leitast við að hjálpa þeim við að aðlagast samfélaginu að lokinni afplánun.

Orðið "betrun" vísar til möguleika á jákvæðum persónulegum árangri og breytingum meðal fanga. Það getur verið krefjandi að ná þeim umbótum. Sjálfsbetrun og fráhrarf frá glæpum í fangelsi krefst ótrúlegar staðfestu, sérstaklega fyrir þá sem bera þungar byrðar áfalla og óuppgerðra þjáninga. Þegar föngum tekst að ná jákvæðum árangri er það að miklu leyti afleiðing einstaklingsbundins viljastyrks frekar en stofnanastuðnings. Því þarf að breyta enda fangelsin full af veikum og eða jaðarsettu fólki sem þarf aðstoð við að ná þeim árangri.

Þættir eins og fangelsisumhverfið, missir frelsis, skortur á friðhelgi einkalífs, fordómum, ótta og strangar reglur geta haft veruleg áhrif á persónuleika og líðan fanga. Viðleitni til að stuðla að réttlæti, sanngirni og endurhæfingu innan fangelsa skiptir sköpum til að stuðla að jákvæðum breytingum og auðvelda farsæla enduraðlögun að samfélaginu. Það er gert með betrun og fræðslu bæði til fanga, fangavarða og samfélagsins.

Afstaða tekur ekki undir að orðið betrun sé gildishlaðið eða úrelt og að nota eigi orðið endurhæfing í staðinn. Endurhæfing er vissulega hluti af lausninni en aðeins hluti hennar ásamt mörgum öðrum úrræðum og því er orðið betrun gott heildarorð yfir hugtakið.

BETRUNARSTEFNA FULLNUSTUMÁLA

HEILDSTÆÐ EINSTAKLINGSMIÐUÐ MEÐFERÐAR OG VISTUNARÁÆTLUN "BETRUNARÁÆTLUN"

ENDURHÆFING	NÁM/KENNSLA	STYRKJA STÖÐIR	EFTIRFYLGNI
LÍKAMLEG	SKÓLI	FJÖLSKYLDUTENGL	VELFERÐARÚRRÆÐI
ANDLEG	SAMFÉLAGSVITUND	ÁFALLAVINNA	EDRÚMENNSKAN
VIRK	FJÁRMÁLALÆSI	STOFNANA TENGL	HEILSA
VÍMUEFNAMEDFERÐ	STARFSÞJÁLFUN	FORELDRAHLUTVERK	MÁLASTJÓRI
JAFNINGJASTUÐNINGUR	ÝMIS NÁMSKEIÐ JAFNINGJA	JAFNINGJASTUÐNINGUR	JAFNINGJASTUÐNINGUR

1

Í núgildandi lögum nr. 15/2016 um fullnustu refsinga kemur fram að lögunum sé ætlað að stuðla að farsælli betrun fanga og aðlögun þeirra að samfélaginu. Heildstæð betrunarstefna hefur þó aldrei verið mótuð og því óljóst að hvaða marki lögin stuðli að betrun, enda er aðgengi að námi og heilbrigðisþjónustu mismunandi á milli fangelsa og meðferðaráætlun einungis aðgengileg þeim föngum sem Fangelsismálastofnun telur nauðsynlegt að hljóti meðferð.

Til þess að tryggja árangur fangelsisvistar og fækka ítrekuðum brotum er mikilvægt að tekið sé á móti öllum föngum með greiningu á stöðu þeirra og þörfum og áætlun gerð um meðferð innan fangelsis fyrir hvern og einn fanga með einstaklingsmiðaðri áætlun. Slík áætlun miði að því að hjálpa föngum að verða virkir samfélagsþegnar að afplánun lokinni. Í eldri lögum um fullnustu refsinga, nr. 49/2005 kom fram að Fangelsismálastofnun skyldi í samvinnu við fanga gera meðferðar- og vistunaráætlun. Í lögum nr. 15/2016 um fullnustu refsinga var skyldan afnumin nema, líkt og að framan greinir, í tilvikum þar sem meðferðaráætlun telst nauðsynlegt að mati sérfræðinga Fangelsismálastofnunar. Í greinargerð með lögunum kom fram að ekki hafi gengið eftir að setja meðferðaráætlun fyrir alla fanga þar sem Fangelsismálastofnun fékk ekki fjármagn til að sinna verkefninu. Markmið meðferðaráætlunar er að draga úr afbrotahæðun fanga með markvissri endurhæfingu innan eða utan fangelsis. Samfélagið allt á því hagsmuna að gæta af því meðferðaráætlun sé gerð fyrir fanga og hún fjármögnuð með fullnægjandi hætti. Öll lönd með betrunarstefnu gera meðferðar og vistunaráætlun.

¹ uppsetning, Óttar Gunnarsson, M.Sc. í sálfræði

Samkvæmt upplýsingum Fangelsismálastofnunar sem birtar hafa verið í norrænum samanburðarmælingum er endurkomutíðni fanga á Íslandi um 20%. Í ársskýrslu Fangelsismálastofnunar fyrir árin 2017–2022 segir hins vegar að á árunum 2018–2022 hafi tæpur helmingur (46,8%) þeirra sem hófu afplánun, afplánað áður og að á árunum 2020 og 2021 hafi fjöldinn verið um og yfir 50% sem er í samræmi við það sem Afstaða hefur haldið fram. Mikilvægt er að meta endurkomutíðni upp á nýtt með gögnum sem ná yfir lengra tímabil og greina ólíka endurkomutíðni fanga á grundvelli ólíkra brota og mismunandi afplánunar. Ef ekki liggur fyrir rétt tölfræði er ekki mögulegt að greina hinn raunverulega vanda og reyna að vinna á honum bót.

Í framangreindri skýrslu kom fram að endurkomutíðni fanga sem afplána með samfélagsþjónustu eða sambærilegum úrræðum væri lægri á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum. Er því ástæða til að kanna kosti aukins vægis samfélagsþjónustu og meta hvort rétt sé að dómstólar taki ákvörðun um slíka afplánun í stað Fangelsismálastofnunar.

Aðgengi fanga að sálfræðiþjónustu er í dag takmarkað. Þrír félagsráðgjafar og fjórir sálfræðingar starfa við meðferðarsvið Fangelsismálastofnunar, en enginn þeirra hefur fasta starfsstöð í fangelsunum. Fagfólki Fangelsismálastofnunar hefur verið fjölgað á sl. árum en betur má ef duga skal. Rannsóknir benda til þess að athyglisbrestur, ofvirkni, geðfötlun, þroskaskerðingar, framheilaskaði, og þunglyndi séu tíðari meðal fanga en annarra hópa samfélagsins. Lykillinn að því að aðstoða fanga við að vinna í vandamálum sínum og verða virkir samfélagsþegnar er að tryggja þeim nauðsynlega aðstoð með aðgengi að fagfólki, viðeigandi meðferðum, greiningum og réttum lyfjum.

Þessu að auki glíma margir fangar við vímuefnavanda. Koma þarf til móts við þann hóp með viðeigandi meðferð og úrræðum, þ.m.t. skaðaminnkun. Er það ekki síst til þess fallið að aðstoða einstaklinga við að brjótast út úr vítahring fíknar og draga úr líkum þess að fangar leiðist út í afbrot á ný að afplánun lokinni.

Nám gegnir þýðingarmiklu hlutverki við endurhæfingu fanga styrkir möguleika þeirra til atvinnu og betra lífs þegar fangelsisvist þeirra lýkur. Árið 2007 gaf menntamálaráðuneytið út skýrslu um menntamál fanga sem bar titilinn *Stefnumótun í menntunarmálum fanga á Íslandi. Tillögur nefndar sem skipuð var af menntamálaráðherra*. Þar kom m.a. fram að við framtíðaruppbyggingu fangelsa sé brýnt að huga sérstaklega að námsmöguleikum fanga og vinna gegn brottfalli með öflugri sérkennslu og einstaklingsmiðaðri ráðgjöf. Mikilvægt er að byggja á þeirri vinnu sem liggur að baki skýrslunni og tryggja öllum föngum aðgang að kennslu og eftirfylgni í námi. Til þess þarf að nýta þá aðstöðu og rými sem eru til staðar í fangelsunum og tryggja að aðgangur fanga að námi sé ekki mismunandi á grundvelli þess hversu nálægt starfandi framhaldsskóla þeir afpláni dóm sinn. Rétt er að benda á að núna í nokkur ár hefur verið starfandi nefnd um menntamál fanga en ekkert hefur heyrst frá þeirri nefnd og ráðherra er ekki tilbúinn til að taka ábyrgð á sínum þætti í málaflokknum.

Stuðla þarf að því að góður árangur fanga í endurhæfingu styttri afplánunartíma þeirra. Taka þarf þar tillit til allra þátta betrunar og veita þeim aukið vægi við slíkt mat. Þá þarf að tryggja öllum föngum ráðgjöf og stuðning þegar líður að lokum afplánunar við húsnæðisleit og atvinnuleit og veita þeim aðgang að stuðningsneti við að aðlagast samfélaginu og koma undir sig fótum á ný. Slíkt stuðningsnet og ráðgjöf eru til þess fallin að skila miklum árangri og auka öryggi og hagsæld samfélagsins alls.

Danskar rannsóknir hafa sýnt að betrunarvist skilar miklum samfélagslegum ávinningi, ekki bara fyrir dómþolana sjálfa heldur fyrir samfélagið í heild. Skoðanakannanir í Noregi sýna að almenningur telur að fangelsisvist eigi að vera úrræði til betrunar, fremur en hefnd samfélagsins. Þá hefur danski dómsmálaráðherrann sagt að markmiðið með dómum sé að fækka brotþolum og það sé að gerast með betrunarstefnunni.

Árangur Norðurlandanna í betrun er ótvíræður og hefur ekki bara minnkað endurkomutíðni í fangelsin heldur einnig fækkað glæpum, fækkað brotþolum auk þess sem allur kostnaður hefur minnkað hjá fangelsunum, lögreglu og dómstólum. Tekjur hafa aukist í formi skatta og kostnaður við örorkubætur fanga hefur snarminnkað. Norðurlöndin eru í dag með 16% - 24% endurkomutíðni á meðan við sem eru með refsikerfi erum með yfir 50% endurkomutíðni, sem Afstaða telur varlega reiknað. Afstaða leggur mikla áherslu á að úr fangelsunum útskrifist iðnmenntaðir einstaklingar eins og smiðir, málara, píparar, múrarar, matreiðslumenn og bakarar í staðinn fyrir að yfir 60% fanga útskrifast sem öryrkjar eftir fangavist.

Ótrúlegur fjöldi einstaklinga er í dag vistaður í fangelsum landsins sem ekki ættu að vera vistaðir þar, sem eru sjúklingar og ættu því að vera vistaðir á viðhlítandi stofnunum. Fangelsi getur aldrei orðið betri sjúkrastofnun en sjúkrahús.

Fram kom í umsögn Afstöðu við frumvarp um fullnustu refsinga árið 2015 að félagið hefði helst vilja sjá pólitíska heildræna endurskoðun á málaflokknum með betrun í huga og að best væri að frumvarpið yrði lagt til hliðar og nýtt unnið með það í huga. Í því felst tækifæri til að móta í fyrsta sinn stefnu í fangelsismálum, sem hafi það að markmiði að fækka endurkomum í fangelsi og byggja upp einstaklinga til virkrar þátttöku í samfélaginu – allt frá upphafi afplánunar.


Afstaða leggur áherslu að mótuð verði betrunarstefna á Íslandi í stað þeirrar refsistefnu sem við lýði er og að mótuð verði betrunaráætlun fyrir alla dómþola, með einstaklingsmiðaðri nálgun, enda vilja allir leið betrunar - svo framarlega sem hún er miðuð að þörfum einstaklingsins. Sumir hafa viljað stilla upp andstæðum kostum, þ.e. “endurhæfing vs. refsing”, en sú nálgun snýr að því að bjóða upp á úrslitakosti í stað valkosta. Afstaða telur hins vegar að með fjölbreyttum úrræðum betrunar sé alltaf leið í boði til að aðstoða einstaklinga til endurreisnar.

Þá telur Afstaða einnig að sú stofnun sem sjái um fullnustumál ríkisins vísi til þess hlutverks, t.d. að hún bæri heitið “Betrunarstofa” enda þar vísað í innihald þess starfs sem fram fer í stað yfirbyggingar eins og í dag (þ.e. stofnun um fangelsi).

Yrði tekin upp sú betrunarstefna sem Afstaða hefur barist fyrir í á annan áratug, yrði af því mikill samfélagslegur og fjárhagslegur ávinningur. Það hafa erlendar rannsóknir sýnt fram á.

Afstaða lýsir tilbúin til að fara yfir umsögn þessa og næstu skref með verkefnastjórninni.

f.h. Afstöðu, félags fanga á Íslandi



Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður

Reykjavík 30.6.2024

Hjálagt:

Umsögn Afstöðu um frumvarp til laga um fullnustu refsinga, nóvember 2015. <https://www.althingi.is/altext/erindi/145/145-439.pdf>

Þýðing Afstöðu á norski stefnumótun (Stortingsmelding 37), á vef Alþingis <https://www.althingi.is/altext/erindi/144/144-1322.pdf>

Oslo Economics “Socio-economic benefits of reduced recidivism”, desember 2023 <https://osloeconomics.no/publication/samfunnsokonomiske-gevinster-av-redusert-tilbakefall-til-kriminalitet/>